

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 10.05.2022

Fundur 3-2022

Fundur haldinn í sveitarstjórn Skagabyggðar þriðjudaginn 10. maí 2022 kl. 10:30 í fjarfundarbúnaði.

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Karen Helga R. Steinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Magnús Guðmannsson.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá

1. Ársreikningur 2021 seinni umræða

- a) Staðfestingarbréf
- b) Endurskoðunarskýrsla
- c) Ársreikningur 2021

2. Bréf

- a) Reikningsskila- og upplýsinganefnd dags. 5. maí 2022
- b) Tölvubréf frá samband íslenskra sveitarfélaga dags 6. maí 2022
Sveitarfélagaskóli
- c) Mennta- og barnamálaráðherra dags. 6. maí 2022

3. Fundargerðir

- a) Stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins dags. 2. maí 2022

4. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skagabyggð - drög

5. Önnur mál

Afgreiðsla

1. Ársreikningur 2021 seinni umræða

a) Staðfestingarbréf

Fyrir fundinum lá staðfestingarbréf Skagabyggðar vegna endurskoðunar. Oddvita falið að undirrita og senda til endurskoðanda.

b) Endurskoðunarskýrsla

Fyrir fundinum lá endurskoðunarskýrsla Davíðs Búa Halldórssonar endurskoðanda hjá ENOR dagsett 10. maí 2022. Að endurskoðuninni komu Davíð Búi Halldórsson endurskoðandi og Arnór Dagur Dagbjartsson viðskiptafræðingur. Skýrslan lögð fram til kynningar.

c) Ársreikningur 2021

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarfélagsins og stofnana. Ársreikningur var tekinn til fyrri umræðu 3. maí s.l.

Rekstrartekjur A og B hluta námu 99,3 milljónum króna og lækka um 14,6 milljónir milli ára. Rekstrartekjur samstæðunnar eru ríflega 3 milljónum hærrí en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 10.05.2022

Fundur 3-2022

Skatttekjur hækka um 9,7% milli ára eða um tæpar 4 milljónir en framlög úr Jöfnunarsjóði dragast saman um 17,9 milljónir eða um 27,3% og eru 5,5 milljónum lægri en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Slíkur samdráttur hefur gríðarleg áhrif á fjárhag sveitarfélagsins.

Rekstrargjöld A og B hluta voru 115,4 milljónir og hækka um tæpar 14 milljónir á milli ára. Mestu munar þar auknum sameiginlegum kostnaði, auknum kostnaði við uppeldis- og fræðslumál sem hækka um 5,5 milljónir milli ára og auknu framlagi til Fjarskiptafélagsins. Með tilliti til fjármunatekna og fjármagnsgjalda er rekstrarhalli var á samstæðu A og B-hluta á árinu 2021 upp á kr. 16,4 millj. samanborið við kr. 18,9 millj. halla skv. áætlun. Afkoma samstæðunnar var því kr. 2,5 millj. betri en áætlun gerði ráð fyrir.

Varanlegir rekstrarfjármunir A og B hluta lækka um kr. 5,5 millj. milli ára og nema samtals kr. 69,5 millj. í árslok 2021. Engar eignfærslur voru á árinu 2021. Handbært fé lækkaði um kr. 12,1 millj. milli ára og nam um kr. 46,4 millj. samanborið við kr. 58,5 millj í árslok 2020.

Engin lántaka var á árinu. Hjá samstæðunni eru langtímalán og næsta árs afborganir samtals kr. 9,1 millj. og tilheyra þær skuldir allar Fjarskiptafélagi Skagabyggðar ehf.

Eiginfjárhlutfall A og B hluta var 80,5% í árslok 2021 samanborið við 84,2% árið áður.

Heildareignir sveitarfélagsins námu 137, 5 milljónum í árslok og höfðu lækkað um 13,5 milljónir milli ára.

Sveitarstjórn ræddi ársreikninginn og samþykkti hann að lokinni umræðu. Reikningur verður undirritaður rafrænt af sveitarstjórnarmönnum.

Oddviti lagði til að áfram yrði óskað eftir áframhaldandi samstarfi við Enor varðandi endurskoðun. Var það samþykkt einróma.

2.Bréf

a) Reikningsskila- og upplýsinganefnd dags. 5. maí 2022

Með breytingu á 20. gr. reglugerðar nr. 1212/2015 var kveðið á um að byggðasamlög, sameignarfélög, sameignarfyrirtæki og önnur félagaform sem eru með ótakmarkaðri ábyrgð sveitarfélags, skuli færð inn í samantekin reikningsskil sveitarfélags miðað við hlutfallslega ábyrgð sveitarfélags, þ.e. sveitarfélag skal færa hlutdeild þess í einstökum liðum rekstrar og efnahags, óháð stærð eignarhluta.

Með ákvæði til bráðabirgða var kveðið á um að þrátt fyrir 3. mgr. 20. gr. er sveitarfélögum heimilt að beita ekki þeirri aðferð sem þar er lýst við gerð ársreiknings fyrir árið 2021. Velji sveitarfélög að nýta sér heimildina skulu þau fyrir 1. júní 2022 hafa lokið gerð viðauka við fjárhagsáætlun vegna árána 2022-2025, þar sem beitt er aðferð sem lýst er í 3. mgr. 20. gr.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 10.05.2022

Fundur 3-2022

Með bréfi þessu vill reikningsskila- og upplýsinganefnd minna sveitarfélög á fyrrgreinda breytingu og áréttu mikilvægi þess að fjárhagsáætlun beri með sér þau áhrif sem breytt ákvæði hafa í för með sér.

Bréf lagt fram til kynningar og oddvita falið að fá endurskoðanda til að gera viðauka við fjárhagsáætlun frá 1. júní 2022.

b) Tölvubréf frá samband íslenskra sveitarfélaga dags 6. maí 2022 - Sveitarfélagaskóli

Í bréfinu er kynntur Sveitarfélagaskóli með ýmsum námskeiðum fyrir fólk í sveitarstjórnnum og nefndum á vegum sveitarfélaga. Því er beint til nýrrar sveitarstjórnar Skagabyggðar að hvetja fulltrúa til að taka þátt í skólanum. Með bréfinu fylgir kynningarbæklingur.

c) Mennta- og barnamálaráðherra dags. 6. maí 2022

Í bréfinu er kynntur tímabundinn fjárhagsstuðningur við sveitarfélög þar sem flóttafólk frá Úkraínu dvelur.

Bréfið lagt fram til kynningar.

3. Fundargerðir

a) Stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins dags. 2. maí 2022

Fundargerð frá stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins, dags. 2. maí 2022.

Lögð fram til kynningar.

4. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Skagabyggð - drög

Fyrir fundinum lágu drög að samþykkt um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn fór yfir drögin og fól oddvita að vinna málið áfram í samvinnu við Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið.

5. Önnur mál

Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun:

Oddviti þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir gott samstarf og gott starf í þágu sveitarfélagsins á kjörtímabilinu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp af skjá, samþykkt og verður undirrituð við fyrsta tækifæri. Fundi slitið kl. 11:40.

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Magnús Björnsson

Karen Helga R Steinsdóttir

Magnús Guðmannsson

Kristján Steinar Kristjánsson